# SJÁLFSMATSSKÝRSLA AUSTURBÆJARSKÓLA 2026

Innra mats teymi Austurbæjarskóla

AUSTURBÆJARSKÓLI - 101

# Efnisyfirlit


Inngangur ..... 3
Innra mats teymi ..... 4
Viðfangsefni innra mats 2025-2026 (Gult skjal) ..... 5
Áætlun fyrir skólaárið 2025-2026 (Rautt skjal) ..... 6
Gögn ..... 10
Ársskýrslur ..... 10
Starfsþróunarsamtöl ..... 10
Nemendaþing ..... 10
Foreldraþing ..... 10
Starfsmannaþing - matsfundur ..... 10
Áhorf í kennslustundum ..... 11
Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar – Stofnun ársins ..... 11
Skólapúlsinn – nemendakönnun fyrir 6.-10. bekk ..... 11
Skólapúlsinn – nemendakönnun fyrir 1.-5. bekk ..... 11
Viðhorfskönnun foreldra ..... 11
Lesmál 2. bekkur ..... 11
Lesfimi 1.-10. bekkur ..... 11
Stöðu-og framvindupróf Matsferils ..... 12
Greinargerð um innra mat (Grænt skjal) ..... 13
Stjórnun og fagleg forysta ..... 13
Nám og kennsla ..... 14
Inntak, námskrá ..... 14
Gæði kennslu ..... 15
Árangur náms (Inntak, árangur og framfarir) ..... 17
Mat á árangri nemenda ..... 17
Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins ..... 18
Niðurstöður foreldrakönnunar skóla- og frístundasviðs ..... 18
Menntastefna Reykjavíkurborgar ..... 19
Viðhorf og líðan ..... 21
Niðurstöður úr Nemendaþingi, Skólapúlsi, Foreldraþingi, könnun Heillaspora og stoðþjónustu 21
Innra mat ..... 24
Skólabragur ..... 25
Skólabragur ..... 25
Niðurstöður úr starfsþróunarsamtölum ..... 25
Matsfundur í kjölfar niðurstaðna Starfsmannakönnunar/Stofnunar ársins 2024 ..... 25

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar (Stofnun ársins) 2025 ..... 26
Niðurstöður frá Foreldraþingi ..... 26
Niðurstöður innra mats ..... 27
Styrkleikar ..... 27
Tækifæri ..... 27
Umbótaáætlun (Blátt skjal) ..... 28
Stjórnun og fagleg forysta ..... 28
Nám og kennsla ..... 28
Menntastefna Reykjavíkur ..... 29
Viðhorf og líðan ..... 30
Aðrir áhersluþættir ..... 30

# Inngangur

Austurbæjarskóli er rótgróinn grunnskóli í miðbæ Reykjavíkur. Í skólanum eru um 330 nemendur í 1.-10. bekk og um 70 starfsmenn. Skólinn starfar eftir lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á að efla ákveðna lykilhæfni barna og ungmenna: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Öllum skal tryggt jafnrétti til náms án tillits til kyns, þjóðernis, stéttar, stöðu og trúarbragða. Austurbæjarskóli er skóli án aðgreiningar. Í því felst að skólastarfið er lagað að þörfum allra nemenda. Í skólanum er lögð áhersla á sjálfsagðan fjölbreytileika fólks sem endurspeglast í öllum bekkjardeildum. Nemendur eiga uppruna sinn í ýmsum þjóðlöndum; þeir hafa ólík viðhorf, ólík áhugamál og mismunandi hæfileika. Í skólanum tala nemendur 27 ólík tungumál og um 62% nemenda hafa annað mál á heimili.

Framtíðarsýn Austurbæjarskóla er: Framsækinn skóli fyrir alla. Í því felst að lögð er áhersla á hugarfar **vaxtar**, **víðsýni**, **vellíðan** og **vilja** til að gera stöðugt betur. Markmið skólans er að auka þekkingu og leikni nemenda og gera þá að farsælum og sjálfstæðum einstaklingum. Einstaklingum sem hafa trú á eigin getu og takast óhræddir á við nýja hluti í viðleitni sinni við að finna hæfileikum sínum og hæfni farveg. Austurbæjarskóli leggur sig fram um að vera í fararbroddi hvað varðar fjölbreytta náms-og kennsluhætti þar sem allir hafa jafnan aðgang að lærdómsferlinu. Lögð er áhersla á að varða leið nemenda í námi, hvetja til samvinnu og auka metnað og árangur. Austurbæjarskóli er eftirsóttur vinnustaður fyrir hugmyndaríkt og skapandi fagfólk sem sýnir metnað í starfi, ber hag nemenda fyrir brjósti og leggur sig fram um að sinna þörfum nemenda.

Einkunnarorð skólans eru **vöxtur**, **víðsýni**, **vellíðan** og **vilji**. Þessar áherslur endurspeglast í öllum samskiptum og starfi skólasamfélagsins. Til að svo megi verða hefur starfsfólk Austurbæjarskóla, nemendur, foreldrar og starfsfólk frístundar komið sér saman um eftirfarandi stefnumörkun:

## Vöxtur

Fjölbreytni nemendahópsins í Austurbæjarskóla felur í sér mikinn styrk fyrir skólasamfélagið og er uppeldi, framfarir, menntun og líðan nemandans sett í öndvegi. Í skólanum er stuðlað að hugarfari **vaxtar** þar sem hæfileikar eru ræktaðir með áherslu á leiðsagnarnám, með markvissri uppbyggjandi endurgjöf. Nemendur eiga að geta haft áhrif á og tjáð sig um nám sitt, vita hvar þeir eru staddir, hvert þeir eiga að stefna og hvað er góður árangur. Námið er einstaklingsmiðað en byggir á samvinnu, þverfaglegri vinnu og fjölbreyttum náms- og kennsluháttum.

## Víðsýni

Víðsýni er einkunnarorð Austurbæjarskóla enda eru í skólanum ólíkir einstaklingar sem búa yfir margvíslegri þekkingu og reynslu. Virðing er borin fyrir fjölbreytileikanum, nemendur vinna að verkefnum sem reyna á samstarf, gagnrýna hugsun, stuðla að fordómaleysi, auka sjálfsþekkingu og sem býr þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

## Vellíðan

Vellíðan felst í góðum skólabrag þar sem gleði, traust, vinsemd, virðing og jafnrétti endurspeglast í daglegum samskiptum. Áhersla er lögð á andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði í skapandi og hlýlegu námsumhverfi. Austurbæjarskóli er heilsueflandi grunnskóli þar sem markvisst er unnið að því að efla sjálfsmynd nemenda og seiglu. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og gegn einelti. Í skólanum ríkir samhugur um gildi og sýn sem stuðlar að sterkri skólamenningu þar sem allir, jafnt nemendur, starfsfólk, foreldrar og frístundafólk bera hag skólans fyrir brjósti og eru á leið í sömu átt.

## Vilji

Lögð er áhersla á að virkja **vilja** alls skólasamfélagsins til að gera betur, sækja fram og þróa skólastarfið á skapandi hátt með það að markmiði að styðja við nám nemenda. Er það m.a. gert með öflugu list-og verkgreinanámi, samstarfsverkefnum við frístund, foreldra og aðra aðila nærsamfélagsins, með umhverfisverkefnum, vettvangsnámi, starfsnámi og samfélagsverkefnum.

Austurbæjarskóli hefur um margt nokkra sérstöðu. Skólinn er í sögufrægu húsi í miðbæ Reykjavíkur og strax frá upphafi fram til vorra tíma hefur skólastarfið verið metnaðarfullt og í takt við þarfir samtímans. Styrkur skólans felst fyrst og fremst í fjölbreyttum nemendum, metnaðarfullu starfsfólki, öflugu foreldrasamfélagi og kraftmiklu frístundastarfi.

## Innra mats teymi

Innra mats teymi Austurbæjarskóla 2025-2026 var skipað Kristínu Jóhannesdóttur skólastjóra, Hólmfríði G. Guðjónsdóttur aðstoðarskólastjóra, Eygló Jósephsdóttur deildarstjóra stoðþjónustu og Sigríði Helgu Sverrisdóttur enskukennara. Saman vann teymið jafnt og þétt að söfnun og greiningu gagna. Framsetning gagna og prófarkalestur var í höndum Sigríðar Helgu Sverrisdóttur.

## Viðfangsefni innra mats 2025-2026 (Gult skjal)

Sjálfsmatsskýrsla Austurbæjarskóla er mat á árangri af þeim umbótum sem settar voru fram í umbótaáætlun fyrir skólaárið. Umbótaáætlun skólaársins 2026-2027 er sett fram í kjölfar niðurstaðna innra mats. Sjálfsmatsskýrsla er aðgengileg á heimasíðu skólans og hjá stjórnendum.

| **Langtímaáætlun** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Viðfangsefni innra mats.** | 2025-2026 | 2026-2027 | 2027-2028 | 2028-2029 | 2029-2030 |
| | | | | | |
| **Gæðaviðmið menntamálaráðuneytis** | | | | | |
| **Stjórnun og fagleg forysta** | | | | | |
| Samvirkni í stefnumótun | | | | | x |
| Faglegt samstarf og samræða | | | | x | |
| Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu | | | x | | |
| Umbætur og innleiðing breytinga | | x | | | |
| Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | x | | | | |
| Starfsmannastjórnun og verkaskipting | | | | x | |
| Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks | | | x | | |
| **Nám og kennsla** | | | | | |
| Inntak og námskrá | x | | | x | |
| Árangur náms | x | x | x | x | x |
| Gæði kennslu | x | x | x | x | x |
| Skipulag náms | | | x | | |
| Námsvitund | | x | | x | |
| Ábyrg þátttaka | | | | | x |
| **Námsárangur nemenda** | | | | | |
| Lesfimi 1.-10. bekkur | x | x | x | x | x |
| Matsferill 4.-10. bekkur | x | x | x | x | x |
| Lesskimun 1. bekkur | x | x | x | x | x |
| Lesmál 2. bekkur | x | x | x | x | x |
| **Viðhorf og líðan** | | | | | |
| Skólapúlsinn | x | x | x | x | x |
| Stofnun ársins – viðhorfskönnun starfsmanna | x | x | x | x | x |
| Nemendaþing, foreldraþing, starfsmannaþing | x | x | x | x | x |
| Viðhorfskönnun foreldra sfs | x | | x | | x |
| **Menntastefna Reykjavíkur** | | | | | |
| Félagsfærni | | | x | | x |
| Sjálfsefling | x | | | | |
| Heilbrigði | | x | | | |
| Læsi | x | x | x | x | x |
| Sköpun | | | | x | |
| **Aðrir áhersluþættir** | | | | | |
| Heillaspor – könnun á framvindu | x | x | | | |

# Áætlun fyrir skólaárið 2025-2026 (Rautt skjal)

Árlega umbótaáætlun skólans er að finna í starfsáætlun.

Unnið er markvisst að umbótum skv. umbótaáætlun og lagt er mat á ákveðna þætti í lok skólaárs. Matsþættir þessa skólaárs snúa að fimm þáttum: stjórnun og faglegri forystu, námi og kennslu, námsárangri nemenda, viðhorfi og líðan og Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þá eru tveir kaflar til viðbótar. Annar sem snýr að innra mati, hinn að skólabrag. Lagt er mat á alla þessa þætti í innra mati.

## Stjórnun og fagleg forysta

| Matsþáttur | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímarammi | Endurmat Hvernig /hvenær | Viðmið um árangur | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun og fagleg forysta** | Styrkja stjórnun, dreifa álagi og verkaskiptingu stjórnenda.<br><br>Tryggja að verkferlar og vinnulag sé skýrt og að farið sé að settu verklagi.<br><br>Skjalavarsla rafvædd: Búi og Hlaða innleidd.<br><br>Áætlanir uppfærðar. | Tryggja markvissari verkaskiptingu og upplýsingateymi milli stjórnenda. Fundað reglulega.<br><br>Upplýsingafundir með starfsmönnum þar sem farið er yfir verklag.<br>Gott yfirlit yfir verklag innan skólans er að finna í Starfsmannahandbók.<br>Kennsla á Búa.<br><br>Ýmsar áætlanir uppfærðar. | 2025-2026 | Vor 2027 Starfsmanna-viðtöl<br><br>Könnun á því hvort gögn séu komin í rafræna vörslu.<br><br>Áætlanir hafi verið uppfærðar eftir því sem við á. | Að nemendur, foreldrar og starfsmenn finni þjónustuna batna.<br>Foreldrakönnun/ Mannauðskönnun RVK/ Skólapúls.<br><br>Að gögn allra nemenda sé að finna á Búa og að gögn skólans verði vistuð í Hlöðu. | Skólastjóri |

## Nám og kennsla

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hvaða aðgerðir | Tímarammi | Hvernig /hvenær mælt | Viðmið um árangur | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inntak og námskrá** | Að kennsluskrár, námsáætlanir og námsmat skólans verði endurskoðað út frá núgildandi aðalnámskrá. | Að tryggja að verið sé að kenna og meta nám nemenda skv. núgildandi aðalnámskrá m.a. með tilliti til ábyrgðar þeirra á eigin námi. | 2025-26 | Starfs-manna-viðtöl.<br><br>Mat á kennslu-stundum.<br><br>Yfirlestur kennslu-skráa. | Nám metið á grundvelli endurskoðaðra hæfniviðmiða.<br>Kennarar ráðstafi vissum tíma vikulega til að ígrunda og skipuleggja námsmat nemenda einir eða í samstarfi við aðra.<br><br>Kennarar setji sig vel inn í | Kennarar Skólastjórnendur |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | núgildandi aðalnámskrá, uppfæri kennsluskrár, námsmat og kennsluáætlanir að hausti með það að markmiði að unnt sé að starfa skv. þeim á þessu skólaári. | |
| **Gæði kennslu** | Að tryggja gæði kennslu, að kennarar noti aðferðir leiðsagnarnáms og vinni skv. hæfniviðmiðum aðalnámskrár. | Skólastjórnendur skoða kennslu kennara út frá gæðamiðmiðum um kennslu. | 2025-6 | Matsblöð Starfsmanna-samtöl | 90% kennslustunda metnar góðar eða frábærar. | Kennarar Skólastjórnendur |

## Árangur náms

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hvaða aðgerðir | Tímarammi | Hvernig /hvenær mælt | Viðmið um árangur | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Framfarir nemenda í námi** | Að fylgjast markvisst með framförum nemenda í námi og grípa til íhlutunar verði framfarir ekki eins og búast mætti við. | Fyrirlögn Stöðu- og framvindu prófa lögð fyrir í 4.-10. bekk (Matsferill). Lesfimi lögð fyrir í 1.-10. bekk þrisvar á ári. Lesskimun lögð fyrir í 1. bekk. Orðarún í 3.-8. b. Lesmál í 2. bekk. Niðurstöður rýndar til aðgerða og gripið til íhlutunar ef þarf. | 2025-26 | Fyrirlögn Stöðu-og framvindu prófa lögð fyrir í 4.-10. bekk (Matsferill) í mars. Lesfimi lögð fyrir í 1.-10. bekk þrisvar á ári. Lesskimun lögð fyrir í 1. bekk á vorönn. Lesmál í 2. bekk vorönn. | Að nemendur taki markvissum framförum. Að heildarútkoma skólans í Stöðu- og framvinduprófi sé yfir meðaltali. 90% nemenda á grænu í Lesfimi 2. bekkjar. | Kennarar Deildarstjóri stoðþjónustu Skólastjórnendur |

## Menntastefna Reykjavíkurborgar

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hvaða aðgerðir | Tímarammi | Hvernig /hvenær mælt | Viðmið um árangur | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Læsi** | Að auka árangur nemenda í lestri enn frekar. | Aðgerðaráætlun Austurbæjarskóla í læsi. Lestrarsprettir á vegum skólabókasafns. Kennarar hafi góð tök á lestraraðferðum s.s. PALS. Hraðlestrarnámskeið í boði fyrir alla sem ekki ná viðmiði. | 2025-6 | Lesfimi 2. bekk. Lesferill í öllum árgöngum þrisvar á ári. Heimalestur daglega hjá yngri nemendum. Skólapúls. | 90% nemenda í 2. bekk á grænu.<br><br>Áhugi og ánægja nemenda á lestri marktækt meiri en á landinu. | Kennarar Skólastjórnendur |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Lestur þjálfaður daglega og fylgst er með framförum nemenda. | | | | |
| **Sjálfsefling** | Unnið að sjálfseflingu nemenda í öllum árgöngum. | Vinátta á yngsta stigi.<br>Tímar í sjálfsmynd og kynjafræði frá miðstigi. | 2025-6 | Skólapúlsinn | Marktækt hærra skor í þáttum sem mæla sjálfseflingu í Skólapúlsi en á landinu í heild. | Kennarar<br>Skólastjórnendur |

## Viðhorf og líðan

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hvaða aðgerðir | Tímarammi | Hvernig /hvenær mælt | Viðmið um árangur | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Viðhorf og líðan** | Að auka vellíðan nemenda, kennara og foreldra. | Að fylgjast vel með líðan nemenda.<br><br>Að hlusta eftir röddum nemenda hvað þeim finnst gott við skólann og hvað betur mætti fara.<br><br>Að tryggja að upplýsingar og ákvarðanir ráða eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja í aðgengilegar öllum nemendum.<br><br>Að tryggja að unnið sé með aðferðir Heillaspora. | 2025-6 | Skólapúlsinn.<br>Stofnun ársins.<br>Nemendaþing.<br>Foreldraþing.<br>Starfsmannaþing.<br>Viðhorfskönnun foreldra. | Að bæta árangur þegar kemur að þáttum sem mæla líðan í Skólapúlsi.<br>Að nemendur og foreldrar svari því til á nemendaþingi og í viðhorfskönnun foreldra að nemendum líði vel í skólanum.<br><br>Að nemendur viti hvar unnt sé að nálgast allar þær upplýsingar sem þörf er á.<br><br>Að niðurstaða könnunar bendi til þess að góður skilningur sé á verklaginu og að unnið sé skv. því. | Kennarar og aðrir starfsmenn<br>Félagsstarfskennari<br>Námsráðgjafi<br>Heillasporateymi<br>Skólastjórnendur |

## 10.1.2.4 Innra mat

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hvaða aðgerðir | Tímarammi | Hvernig /hvenær mælt | Viðmið um árangur | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mats-teymi** | Aukin virkni matsteymis. | Tryggja þarf að reglulega sé fundað í matsteymi eftir leiðbeiningum sfs. | 2025-6 | Gerð grein fyrir starfi teymisins í sjálfsmatsskýrslu skólans. | Að fleiri komi að matinu. | Skólastjórnendur |

### 10.1.2.5 Skólabragur

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hvaða aðgerðir | Tímarammi | Hvernig /hvenær mælt | Viðmið um árangur | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samskipti** | Gefa þarf gaum að samskiptum jafnt samskiptum nemenda á milli, nemenda við starfsmenn, starfsfólks við nemendur og starfsfólks í milli. | Innleiðing Heillaspora.<br><br>Könnun á vegum MMS fyrir starfsmenn þar sem spurt er um hvernig innleiðing Heillaspora hafi gengið. | 2025-2026 | Vor 2026 Skóla púls<br><br>Heilla spora könn-un | Hækkun í skólapúlsi.<br><br>Hækkun í Stofnun ársins. | Skólastjórnendur Innleiðingarteymi Heillaspora Starfsmenn allir |
| **Mannauðsmál** | Bættur starfsandi á vinnustað. | Markviss vinna með starfsmannahópinn út frá Heillasporum. Rætt opinskátt um samskipti, mörk og endurgjafar-menningu. Rýnt í vinnustaðagreining-una Stofnun ársins. Stjórnendur sækja námskeiðið Menning sem mótar. | 2025-2026 | Vor 2026 | Hækkun í Stofnun ársins. | Allir starfsmenn |

# Gögn

Sjálfsmatsskýrsla er unnin árlega og er gögnum í hana safnað allt árið.

## Ársskýrslur

Gögn sem notuð voru við gerð skýrslunnar voru: Ársskýrslur kennara. Á hverju vori gefa kennarar árganga skýrslu um hvernig skólastarfið hefur gengið að þeirra mati. Að auki er kennurum gefið færi á að koma ábendingum og tilmælum á framfæri um ýmislegt sem þeim finnst um skólastarfið.

List- og verkgreinakennarar, kennarar sem kenna skólaíþróttir og faggreinakennarar skila sérstakri skýrslu fyrir sitt fag, unnin á þessu sama formi.

Í skýrslunum kemur fram auk nafna umsjónarkennara, fjöldi nemenda í bekk, námsgreinar sem kenndar voru á skólaárinu. Gert er grein fyrir megin áherslum í kennsluháttum eins og t.d. blöndun hópa þvert á árgang/a, útikennslu o.s.frv. Talið er upp hvaða námsefni var notað í hverri námsgrein og gerð í stuttu máli grein fyrir fyrirkomulagi námsmats. Greint er frá því hvort þess væri vænst hvort nemendur skiluðu heimanámi, hvort það væri valkvætt, einstaklingsmiðað og hver áherslan var (t.d. lestur). Taldar eru upp hvaða ferðir voru farnar, tónleikar, viðburðir, fyrirlestrar o.fl. Í lokin er samantekt og mat:

- Hvað gekk vel?
- Hvað hefði mátt gera betur?
- Hverju viljum við breyta?
- Dæmi um verkefni sem  tókst vel.

## Starfsþróunarsamtöl

Hefðbundin starfsþróunarsamtöl voru á vorönn. Fengu kennarar að vanda gögn send nokkru fyrir samtölin sér til undirbúnings. Rætt var um líðan, samstarf, hvernig starfið hefði gengið og hverjar væru þarfir þeirra fyrir starfsþróun. Þá lögðu kennarar fram óskir um hvað þeir vildu kenna á næsta skólaári.

## Nemendaþing

Árlega taka allir nemendur skólans þátt í nemendaþingi þar sem málefni skólastarfsins og skólastefna er rýnd.

## Foreldraþing

Hefð er fyrir því að árlega séu foreldrar nemenda boðaðir til foreldraþings þar sem málefni skólastarfsins og skólastefna er krufin. Er foreldrum þá skipt í hópa. Í hverjum hópi er umræðustjóri sem tekur saman niðurstöður. Í ár voru lagðar 10 spurningar fyrir foreldra. Það mættu um 30 foreldrar til þingsins.

## Starfsmannaþing - matsfundur

Árlega eru starfsmenn boðaðir til starfsmannaþings þar sem málefni skólastarfsins og skólastefna er krufin. Er starfsmönnum þá skipt í hópa. Í hverjum hópi er umræðustjóri sem tekur niður niðurstöður.

## Áhorf í kennslustundum

Skólastjóri skoðar kennslu kennara. Lagt er mat á skipulag kennslustofunnar, framvindu kennslustundarinnar, markmið, mat og endurgjöf, samskipti nemenda og samstarf, kennsluaðferðir og vinnutilhögun, námsaðlögun auk þess sem lagt er mat á hvort grunnþættir Menntastefnu Reykjavíkur séu sýnilegir.

## Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar – Stofnun ársins

Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar – Stofnun ársins var lögð fyrir í október til desember 2025.

## Skólapúlsinn – nemendakönnun fyrir 6.-10. bekk

Austurbæjarskóli leggur nemendakönnun Skólapúlsins fyrir 6.-10. bekk árlega. Könnunin fer fram í úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið. Þannig er hægt að skoða þróun einstakra þátta yfir langan tíma. Könnunin inniheldur 18 matsþætti. Kannaður er áhugi nemenda á lestri, náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögðum í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, samsömun við nemendahópinn og virk þátttaka nemenda í tímum.

## Skólapúlsinn – nemendakönnun fyrir 1.-5. bekk

Frá 2018 hefur Austurbæjarskóli lagt fyrir nemendakönnun Skólapúlsins fyrir 1.-5. bekk. Könnunin fer fram á sama hátt og nemendakönnun fyrir 6.-10. bekk. Könnunin kannar ánægju af lestri í 1.-5. bekk, ánægju með skólann og vellíðan í skólanum.

## Viðhorfskönnun foreldra

Annað hvert ár leggur Skóla-og frístundasvið fyrir kannanir á viðhorfum foreldra barna á grunnskólaaldri til starfsemi grunnskólans. Í ár var könnunin lögð fyrir í marsmánuði og sá Vísar rannsóknir ehf. um fyrirlögn. Úrvinnsla var í höndum sfs.

## Lesmál 2. bekkur

Lesmál var lagt fyrir nemendur í 2. bekk í apríl. Í Austurbæjarskóla svöruðu 22 nemendur Lesmáli af 22 miðað við nemendafjöldatölur 1. apríl 2026 sem gerir 100%. Niðurstöður eru settar fram af sfs.

## Lesfimi 1.-10. bekkur

Lesfimi er stöðu- og framvinduþróf en tilgangur þess er að draga upp sem nákvæmustu mynd af stöðu og þróun lestrar hjá nemendum, hvar áskoranir og styrkleikar liggja svo hægt sé að mæta þörfum nemenda í lestrarnámi á árangursríkan hátt. Stuðningsprófin eru tvö: Orðleysulestur og mat á sjónrænum orðaforða. Tilgangur stuðningsprófanna er að veita nánari upplýsingar um stöðu grunnaðferða í lestri. Lesfimi er lögð fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk þrisvar sinnum á skólaári.

## Stöðu-og framvinduþróf Matsferils

Tilgangur stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði er að draga upp sem nákvæmustu mynd af stöðu nemenda og framvindu í námi, hvar áskoranir og styrkleikar liggja svo hægt sé að mæta námslegum þörfum nemenda á árangursríkan hátt.

Stöðu- og framvinduþróf Matsferils eru stöðluð en það þýðir að form, efnisinnihald, matsreglur og reglur um fyrirlögn prófanna eru fyrirfram ákveðin. Þar sem hverju prófi fylgja aldursbundin viðmið um frammistöðu er mögulegt að bera niðurstöður hvers nemanda, bekkjar eða skóla saman við landsmeðaltal. Prófin eru lögð fyrir 4.-10. bekk í marsmánuði, en aðeins var skólum skylt að leggja þau fyrir í 4., 6. og 9. bekk. Niðurstöður prófanna eru nýttar til skipulagningar kennslu, við stefnumótun og forgangsröðun þegar ákvarða þarf áherslur í starfsþróun kennara.

## Greinargerð um innra mat (Grænt skjal)

Innra mat á skólastarfi er lögbundið og er markmið þess að bæta árangur og gæði skólastarfsins. Matið tekur mið af lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla, Gæðastarfi í grunnskólum, Menntastefnu Reykjavíkurborgar, skólastefnu Austurbæjarskóla og leiðsagnarnámi. Gerð er langtímaáætlun til fimm ára (sjá bls. 5) og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Viðmið um gæði eru rýnd á matsfundum þar sem starfsfólk ígrundar og rýnir gögnin og kemur sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður námsmats, viðhorfskannana nemenda, starfsfólks og foreldra eru ávallt rýnd í innra mati skólans.

## Stjórnun og fagleg forysta

Fyrsti þáttur matsins snýr að stjórnun og faglegri forystu.

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| Styrkja stjórnun, dreifa álagi og verkaskiptingu stjórnenda.<br>Tryggja að verkferlar og vinnulag sé skýrt og að farið sé að settu verklagi.<br><br>Skjalavarsla rafvædd: Búi og Hlaða innleidd. Kennsla á Búa.<br><br>Áætlanir uppfærðar. Gott yfirlit yfir verklag innan skólans er að finna í Starfsmannahandbók. Upplýsingafundir með starfsmönnum þar sem farið er yfir verklag til að tryggja skilning og að farið sé að settu verklagi.<br><br>Tryggja markvisst upplýsingateymi milli stjórnenda. Fundað reglulega. | Vor 2026 | Að nemendur, foreldrar og starfsmenn finni þjónustuna batna.<br>Mælt í Foreldrakönnun.<br>Vinnustaðakönnun RVK (Stofnun ársins).<br><br>Að gögn allra nemenda sé að finna á Búa og að gögn skólans verði vistuð í Hlöðu. | Skólastjórnendur |

Deildarstjóri stoðþjónustu var ráðinn sem dreifði álagi á aðra stjórnendur og var með því betur unnt að skýra verkaskiptingu stjórnenda en áður. Gegndi deildarstjórinn jafnframt starfi tengiliðar farsældar. Fundað var markvisst og reglulega í stjórnendateymi. Stjórnendur fengu námskeið í Búa og Hlöðu. Vistun gagna í Búa er komin nokkuð vel á veg en ekki í Hlöðu. Er ljóst að hér er um mjög mikla vinnu að ræða þegar kemur að persónumöppum nemenda. Markmið um að gögn allra nemenda væru að finna á Búa náðist ekki. Haldið verður áfram með þessi verkefni á næsta skólaári.

Árlega er þess gætt að funda með starfsmönnum, fara yfir ýmiskonar verklag innan skólans og ef þarf að uppfæra verkferla. Var engin undantekning þar á í ár. Í Foreldrakönnun sfs kemur fram að 66,7% foreldra eru frekar eða mjög sammála því að þeir þekki stefnu og einkunnarorð/gildi skólans. 72,6% segjast frekar eða mjög sammála því að þeir fái góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins með reglubundnum hætti og segjast 78,4% foreldra vera frekar sammála eða mjög sammála því að þegar á heildina sé litið séu þeir ánægðir með skólann. Á foreldraþingi voru foreldrar spurðir hve skýrir verkferlar væru innan skólans (með verkferlum er m.a. átt við viðurlög við brotum á skólareglum,

feril eineltismála o.fl.) og svaraði stór hluti foreldra því til að þeir væru mjög skýrir eða frekar skýrir. Aðrir töldu að þar mætti gera betur. Þegar foreldrar voru beðnir um að rökstyðja hvað væri gott og hvað mætti bæta voru dæmi um svör þau að þeir hefðu ekki mikla reynslu af slíkum verkferlum og flestir hefðu ekki hugmynd um hvar væri hægt að finna upplýsingar um verkferla skólans. Aðspurð um hversu ánægðir foreldrar væru með hve fljótt skólinn (kennarar, stjórnendur, aðrir starfsmenn) bregðist við erindum sem þeir kæmu á framfæri svöruðu 93,75% mjög ánægður eða frekar ánægður.

Í Vinnustaðakönnuninni Stofnun ársins kemur fram að starfsmenn telja skýrt hvers næsti yfirmaður ætlast til af þeim 4,41.

# Nám og kennsla

Hér verður fjallað um þrjá þætti er snúa að námi og kennslu nemenda. Kaflarnir eru: inntak námskrár, gæði kennslu og árangur náms. Í lok hvers kafla er lagt mat á hvernig gekk að vinna að því sem að var stefnt.

## Inntak, námskrá

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| *Innleiðing á endurskoðaðri aðalnámskrá:*<br><br>Kennsluskrár, námsáætlanir og námsmat endurskoðað. Sett fram í anda endurskoðaðrar aðalnámskrár. | Vor 2026<br><br>Kennslu-skrár og námsáætlanir uppfærðar að hausti. | Nám metið á grundvelli endurskoðaðra hæfniviðmiða. Kennarar ráðstafi vissum tíma vikulega til að ígrunda og skipuleggja námsmat nemenda einir eða í samstarfi við aðra.<br><br>Kennarar setji sig vel inn í endurskoðaða aðalnámskrá, uppfæri kennsluskrár, námsmat og kennsluáætlanir að hausti með það að markmiði að unnt sé að starfa skv. þeim á þessu skólaári. | Kennarar og skóla-stjórnendur |

Námsmat var til samræmis við endurskoðaða aðalnámskrá grunnskóla. Gefið var A, B+,B,C+, C og D og þess gætt að gefnar væru einkunnir fyrir allar námsgreinar eða námssvið. Lögð var áhersla á leiðsagnarnám, að nemendum væri leiðbeint áfram í náminu, þeim leiðbeint um hvernig gott verkefni lítur út og hvað þeir þyrftu að gera til að verkefni þeirra yrði gott. Allir kennarar færðu námsmatið inn í Mentor. Allir kennarar settu sig vel inn í endurskoðaða aðalnámskrá og voru kennsluskrár og fyrri hluti námsáætlana uppfærðar að hausti, seinni hluti námsáætlana um áramót. Alla mánudaga voru kennarar með frátekinn tíma í stundaskrá til að skipuleggja námsmat nemenda einir eða í samstarfi við aðra. Í starfsmannaviðtölum var aðeins komið inn á hvernig og hvort þessi tími hefði nýst kennurum. Leggja þyrfti fyrir markvissari könnun fyrir kennara til að kanna það til fulls.

Innleiðingarteymi um endurskoðun aðalnámskrá var skipað og sat nokkurra vikna námskeið á vegum MMS.

Nær allar kennsluskrár og kennsluáætlanir voru endurskoðaðar til samræmis við endurskoðaða aðalnámskrá grunnskóla og kom m.a. fram í starfsþróunarsamtölum að kennarar töldu að nokkuð vel hefði gengið að uppfæra kennsluskrár og námsáætlanir til samræmis við endurskoðaða aðalnámskrá.

Á starfsmannaþingi voru starfsmenn spurðir hve skýrir verkferlar væru innan skólans. Svöruðu flestir að þeir væru frekar skýrir. Nefndu þeir að það sem væri gott væri starfsmannahandbókin og að upplýsingar væru aðgengilegar. Varðandi gæði kennslu svöruðu flestir að nám nemenda tæki mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Langflestir sögðust nýta sér aðferðir leiðsagnarnáms í kennslu að langmestu leyti.

## Gæði kennslu

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| *Fjölbreyttir kennsluhættir:*<br>Að kynnast og beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, samræma skipulag kennslu milli árganga og styrkja kennara í starfi sínu með nemendum með það að markmiði að auka námsárangur nemenda. | Vorönn 2026 | Að allir kennarar hafi kynnt sér og reynt aðferðir leiðsagnarnáms.<br><br>Allir íslenskukennarar og ÍSAT kennarar sátu PALS námskeið. | Kennarar |
| *Gæði kennslu:*<br>Endurskoðuð voru viðmið um góða kennslustund (sjá hér að neðan). Byggðu þau á viðmiðum sem sett voru af kennurum 2018 og gæðaviðmiðum ráðuneytis. | 2025-26 | Skólastjóri leggi mat á kennslu með reglulegu áhorfi í kennslustundir þar sem fylgst er með allri kennslustundinni. Matinu er fylgt eftir með samtali við kennara að mati loknu. | Skólastjóri |

Lærdómsteymi sem vinnur að því að innleiða leiðsagnarnám var ekki starfandi. Fjallað var markvisst um leiðsagnarnám á fundum með kennurum. Skv. niðurstöðum Skólapúlsins er niðurstaða skólans um tíðni leiðsagnarmats 4,4 (landið: 4,9) sem er marktækt minna en á landinu öllu. Hér er því sóknarfæri.

Hvað fjölbreytni í námi og kennsluháttum varðar má nefna að kennarar hófu að innleiða PALS markvissar en áður. Einnig var unnið enn markvissar með læsi en áður og sett fram endurbætt aðgerðaráætlun í læsi. Fram kom á foreldraþingi að foreldrar telja að metnaður einkenni skólastarfið en kennsluhættir mættu vera framsæknari og meira skapandi. Þá mætti umhverfið vera meira örvandi fyrir nemendur. Ljóst er að hér er sóknarfæri.

Hér fyrir neðan gefur að líta endurskoðuð viðmið um góða kennslustund. Eru þær kennurum vegvísir í kennslu auk þess sem horft er til þeirra þegar kennslustundir eru skoðaðar og metnar.

| Undirbúningur kennarans |
| --- |
| Kennari setur fram skýr námsmarkmið með kennslustundinni út frá hæfniviðmiði/um. |
| Kennari setur fram leiðir að settum námsmarkmiðum kennslustundar með fjölbreyttan nemendahóp í huga. |
| Viðmið um árangur eru skýr og gjarnan sýnileg. |
| Kennari tryggir að öll náms-og kennslugögn séu til staðar. |
| Kennari undirbýr sætaskipan nemenda. |
| Kennari ákveður hvernig best sé að nýta krafta stuðningsfulltrúa. |
| Námsveggir eru notaðir til að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda. |
| **Framvinda kennslustundarinnar** |
| Kennari er stundvís og mættur áður en tími hefst. |
| Kveikja/áhugi nemenda er vakinn. |
| Námsmarkmið kynnt og skráð á töflu. Nemendur vita hvað þeir eiga að læra. |
| Fyrirmyndarverkefni skoðuð og rædd (Hvað er gott? Hvað gerir þetta verkefni betra en hitt?). Árangursviðmið ákveðin í sameiningu og skráð á töflu. |
| Kennsluhættir eru fjölbreyttir og kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda. |
| Kennari gengur á milli nemenda og skoðar verkefnavinnu þeirra með áherslu á námsmarkmið og árangursviðmið. Veitir leiðbeinandi endurgjöf, vekur athygli á því sem vel er gert. |
| Við lok kennslustundar |
| Nemendur ljúka við verkefnið. Kennari rifjar upp námsmarkmiðin og kannar hvernig nemendum hefur gengið að ná þeim. |
| Kennari dregur saman í lokin og kennslustund lýkur formlega. |
| Úrvinnsla kennarans |
| Kennarinn metur hvernig til tókst með tilliti til námsmarkmiða og gerir áætlun um framhaldið á þeim grunni. |

Lagt er mat á gæði kennslu með yfirlestri stjórnenda á kennsluskrá og námsáætlunum en auk þess eru kennslustundir metnar með áhorfi skólastjóra. Lagt er mat á skipulag kennslustofunnar, framvindu kennslustundarinnar, markmið, mat og endurgjöf, samskipti nemenda og samstarf, kennsluaðferðir og vinnutilhögun, námsaðlögun auk þess sem lagt er mat á hvort grunnþættir Menntastefnu Reykjavíkur séu sýnilegir. Ekki tókst að meta kennslustundir hjá öllum kennurum en þær sem metnar voru töldust ýmist frábærar eða góðar. Ljóst er að þetta verkefni þarf að hafa aukinn forgang á næsta skólaári.

## Árangur náms (Inntak, árangur og framfarir)

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| Fyrirlögn Stöðu-og framvindu prófa lögð fyrir í 4.-10. bekk (Matsferill).<br>Lesfimi lögð fyrir í 1.-10. bekk þrisvar á ári.<br>Lesskimun lögð fyrir í 1. bekk.<br>Lesmál í 2. bekk.<br>Niðurstöður rýndar til aðgerða og gripið til íhlutunar ef þarf. | Vor 2026 | Að ánægja af lestri er marktækt meiri í Austurbæjarskóla en á landinu öllu skv. Skólapúlsi.<br><br>Allir kennarar sem kenna íslensku og íslensku sem annað mál sátu námskeið í PALS.<br><br>Að Lesferill sé lagður fyrir alla nemendur þrisvar á ári og fylgst með framförum.<br>Að lesið sé úr niðurstöðum og gripið til íhlutunar hjá þeim nemendum sem ekki ná viðmiði. Íhlutun getur falist í hraðlestrarnámskeiði, Orðleysuprófi, Orðalykli og prófinu Sjónrænn orðaforði.<br><br>Sett var fram og unnið var eftir Aðgerðaráætlun sem miðar að því að auka árangur nemenda í læsi (sjá nánar Aðgerðaráætlun).<br><br>Stöðu-og framvinduprófvoru lögð fyrir alla árganga (4.-10. bekk) til að kanna stöðuna og meta hugsanlega íhlutun. | Kennarar<br>Sérkennarar<br>Stjórnendur |

### Mat á árangri nemenda

Niðurstöður Lesmáls í 2. bekk vorið 2026 sýna að 64% nemenda í Austurbæjarskóla eru með aldurssvarandi færni í lestri, 36% þurfa tímabundinn sérstakan stuðning í lestri og 0% þurfa einstaklingsáætlun í lestri. Er þetta lakari árangur en í Reykjavík þar sem 70% nemenda eru með aldurssvarandi færni í lestri. Þess má þó geta að í Reykjavík þurfa 7% nemenda einstaklingsáætlun í

lestri en í Austurbæjarskóla 0%. Lögð eru fyrir hvern nemanda þrjú Lesfimipróf, auk stuðningsprófanna Orðleysa, Orðalykill og Sjónrænn orðaforði.

Stöðu-og framvindupróf voru lögð fyrir 4.-10. bekk. Athygli vekur að í mörgum árgöngum eru niðurstöður lesskilnings og stærðfræðiprófs á þann veg að í Austurbæjarskóla er hærra hlutfall nemenda sem er yfir meðaltali en á landinu öllu, en einnig er hærra hlutfall nemenda hér sem er undir meðaltali. Það þýðir að miðjan (við meðaltal) er minni í Austurbæjarskóla en á landinu öllu. Ljóst er að alla árganga þarf þó að rýna nánar til aðgerða.

## Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins

Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins fyrir 2.-5. bekk sýna að heildaránægja af lestri mælist 5,5 sem er 0,7 hærra en á landinu öllu og telst það marktækur munur. Er þar um 0,7 hækkun hjá Austurbæjarskóla frá fyrra ári. Ánægja af lestri í 6.-10. bekk mælist 4,8 sem er 0,5 hærra en á landinu öllu og telst það marktækur munur. Þrátt fyrir að vera marktækt hærri en aðrir á landinu er þetta 0,1 lækkun hjá Austurbæjarskóla frá fyrra ári.

Niðurstöður Skólapúlsins í 6.-10. bekk sýna að ánægja nemenda af náttúrufræði mælist 5,7 sem er 1,1 hærra en á landinu öllu sem er marktækur munur. Skólapúlsinn sýnir einnig að áhugi á stærðfræði er 5,0 sem er 0,3 hærra en á landinu öllu. Er það einnig marktækur munur.

Trú á eigin vinnubrögðum mælist einnig örlítið hærri, eða 0,1 (4,9, landið 4,8). Þrautseigja í námi mælist marktækt lægri í Austurbæjarskóla en á landinu, eða 0,5 (4,1, landið 4,6). Trú á eigin námsgetu er á pari við landið (4,9). Þá segjast marktækt fleiri nemendur ekki vera með snjallsíma í Austurbæjarskóla en á landinu öllu (65,4, landið 73,3). Það skal tekið fram að notkun farsíma í skólanum hefur verið óheimil s.l. þrjú ár.

## Niðurstöður foreldrakönnunar skóla- og frístundasviðs

Svarhlutfall í foreldrakönnun sfs fyrir Austurbæjarskóla var 70,6% og var fjöldi svara alls 127. Niðurstöður könnunarinnar sýna að 84,1% (RVK: 86,4%) foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála því að barn þeirra sé hvatt til að leggja sig fram í náminu og 85,5% (RVK: 81,6%) eru mjög sammála eða frekar sammála því að barn þeirra taki stöðugum framförum í náminu. Þá segjast 72,6% mjög sammála eða frekar sammála því að þeir fái góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barns síns. 77,6% foreldra segjast mjög sammála eða frekar sammála því að barn þeirra sé áhugasamt um að læra í skólanum. Í Reykjavík allri er sú tala 78,8%.

## Menntastefna Reykjavíkurborgar

Í þessum kafla er greint frá því hvernig Austurbæjarskóli vann að tveimur grunnþáttum Menntastefnu Reykjavíkur, þ.e. læsi og sjálfsefling.

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| *Læsi:*<br>Að efla færni kennara við lestrarkennslu og stuðla að aukinni lestrarkunnáttu nemenda. Tryggja að allir kennarar hafi aðgang að PALS og geti beitt því í kennslu.<br><br>Aðgerðaráætlun í læsi sett fram þar sem fram kom um hvaða íhlutun væri að ræða, hvenær hún væri framkvæmd, í hvaða árgangi og hver framkvæmdi.<br><br>Lestrarsprettir á vegum skólabókasafns.<br>Kennarar hafi góð tök á lestraraðferðum s.s. PALS.<br>Hraðlestrarnámskeið í boði fyrir alla sem ekki ná viðmiði.<br>Lestur þjálfaður daglega og fylgst er með framförum nemenda. | Lesfimi í 2. bekk.<br>Lesferill í öllum árgöngum þrisvar á ári.<br>Heimalestur daglega hjá yngri nemendum.<br>Skólapúls. | 90% nemenda í 2. bekk á grænu.<br><br>Áhugi og ánægja nemenda á lestri marktækt meiri en á landinu. | Kennarar<br>Skólastjórnendur |
| *Sjálfsefling:*<br>Unnið að sjálfseflingu nemenda í öllum árgöngum.<br>Vinátta á yngsta stigi.<br>Tímar í sjálfsmynd og kynjafræði frá miðstigi. | Skólapúls. | Marktækt hærra skor í þáttum sem mæla sjálfseflingu í Skólapúlsi en á landinu í heild. | Kennarar |

Sett var fram aðgerðaráætlun sem miðar að því að auka árangur nemenda í læsi. Íhlutun nær til ýmissa þátta eins og skriftarþjálfunar, ritunar, lesfimi (hraði) og þjálfunar í lesskilningi. Þá er greint frá Sænska stöðumatinu o.fl. Samhliða var útbúinn verkferill um heimalestur, eitt mikilvægasta samstarfsverkefni

heimila og skóla. Í Austurbæjarskóla er þess vænst að allir nemendur lesi a.m.k. 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar. Nemendur á yngri stigum skrifa auk þess orð eða stuttar setningar skv. fyrirmælum kennara. Verkferillinn var kynntur öllum foreldrum en hann gengur út á að nemendur lesi heima og kveður ferillinn á um viðbrögð sé heimalestri ekki sinnt. Á skólaárinu var tímabundið daglegur hraðlestur í öllum bekkjum fyrstu 20 mínútur dagsins þar sem nemendur skráðu niðurstöður á skráningarblað. Var það mat kennara að verkefnið hefði haft mjög jákvæð áhrif á framfarir nemenda og var því ákveðið að hefja skóla í unglingadeild 10 mínútum fyrr fjóra daga vikunnar og yrði sú stund notuð í markvissa lestrarþjálfun með ýmsu sniði.

Eins og fram kom í kaflanum *Mat á árangri nemenda* náðist ekki það markmið skólans að 90% nemenda yrðu á grænu í Lesskimun í 2. bekk. 64% (RVK:70%) nemenda eru með aldurssvarandi færni í lestri og 36% þurfa tímabundinn stuðning. Enginn þarf einstaklingsáætlun. Það markmið að áhugi og ánægja nemenda á lestri væri marktækt meiri en á landinu náðist bæði í 2.-5. bekk og 6.-10. bekk. Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins fyrir 2.-5. bekk sýna að heildaránægja af lestri mælist 5,5 sem er 0,7 hærra en á landinu öllu og telst það marktækur munur. Ánægja af lestri í 6.-10. bekk mælist 4,8 sem er 0,5 hærra en á landinu öllu og telst það einnig marktækur munur.

Lestrarsprettur á vegum skólabókasafns var haldinn, skólinn tók þátt í Litlu og Stóru Upplestrarkeppninni, hraðlestrarnámskeið voru í boði, bekkjarsettum var fjölgað auk þess sem bókasafnsfræðingur útbjó lista yfir frjálslestrarbækur fyrir nemendur eftir aldursstigum.

Unnið var með sjálfseflingu í öllum árgöngum. Allir bekkir eru með vikulega bekkjarfundi auk þess sem unnið er með námsefnið Vinátta frá Barnaheillum í 1.-3. bekk. Tímar í sjálfsmynd og kynjafræði voru í 7. og 8. bekk. Í Skólapúlsinum er þáttur sem mælir sjálfsálit og niðurstaða Austurbæjarskóla er 4,1 (landið: 4,4) sem er marktækt lægra en á landinu öllu. Hér eru sóknarfæri.

## Viðhorf og líðan

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| Að fylgjast vel með líðan nemenda.<br><br>Að hlusta eftir röddum nemenda, hvað þeim finnst gott við skólann og hvað betur mætti fara.<br><br>Að tryggja að upplýsingar og ákvarðanir ráða eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja í séu aðgengilegar öllum nemendum.<br><br>Að tryggja að unnið sé með aðferðir Heillaspora. | Vor 2026<br><br>Vor 2026<br><br>Vor 2026 | Nemendaþing, Skólapúls.<br><br>Nemendaþing, Skólapúls.<br><br>Að nemendur telji sig upplýsta um hvar þeir geti nálgast upplýsingar.<br><br>Að niðurstaða könnunar bendi til þess að góður skilningur sé á verklaginu og að unnið sé skv. því. | Allt starfsfólk skóla<br><br>Kennarar, skólastjórnendur, námsráðgjafi<br><br>Félagsstarfskennari, skólastjórnendur |

### Niðurstöður úr Nemendaþingi, Skólapúlsi, Foreldraþingi, könnun Heillaspora og stoðþjónustu

Árlega taka allir nemendur skólans þátt í nemendaþingi þar sem málefni skólastarfsins og skólastefna er krufin. Er nemendum þá skipt í hópa þvert á árganga. Ýmist kennarar eða eldri nemendur stýra umræðum. Í ár ræddu nemendur á yngsta stigi um hvað þeir teldu sérstakt við Austó sem aðrir skólar gætu lært af. Nefndu nemendur þar t.d. íslenska vinnubók, mælingar, gömul og góð gildi sem virka. Nemendur ræddu einnig hvað þeir teldu að starfsmenn gætu gert enn betur til að tryggja vellíðan nemenda. Nefndu nemendur þar t.d. að það væri gott ef starfsmenn pössuðu upp á að enginn væri skilinn útundan, að nemendur væru hjálpsamir. Í ljós kom að í fyrsta bekk lýkur síðustu kennslustund fyrir hlé alltaf á því að nemendur standa fyrir aftan stóla, annar bekkur oft, þriðji bekkur aldrei og fjórði bekkur stundum eða aldrei. Fannst flestum nemendum bekkjarfundir mjög gagnlegir eða frekar gagnlegir og almennt töldu nemendur að tekist hefði vel eða frekar vel að lækka róminn nema í 3. og 4. bekk sem sögðu það hafa gengið illa og jafnvel mjög illa. Aðspurð um það hvað nemendur teldu hægt að gera til að efla sjálfsálit og auka vellíðan svöruðu nemendur t.d. að lesa mjög mikið og læra miklu meiri reikning, skrifa vel og alla stafina. Að aðrir tali fallega og vel við okkur og kenni okkur. Þá töldu nemendur mikilvægt að eiga góð samskipti við aðra. Allir hópar sögðust vita hvað þeir ættu að gera ef þeir upplifðu einelti í skólanum. Sögðu þau að þá væri rétt að tala við kennarann, segja stopp, tala við skólastjóra, starfsmenn og/eða foreldra. Þegar nemendur voru spurðir hvaða leiðir væru bestar til að byggja upp jákvæð samskipti og jákvæðan bekkjarbrag nefndu þeir að lækka róminn, ekki meiða, brosa, taka tillit, hlusta á aðra og setja mörk. Nemendur voru spurðir fyrir hvað gildi skólans stæðu (vöxtur, víðsýni, vellíðan, vilji). Svör nemenda voru t.d. að þroskast, að allir eru ólíkir og ekki má dæma, að öllum líði vel í skólanum, að allir vilji gera sitt besta, bæði krakkar og fullorðnir. Að lokum voru nemendur spurðir hvað þeir teldu að gæti orðið til heilla fyrir Austurbæjarskóla og nefndu nemendur t.d. að fá jólasvein á jólaballið og að 3. og 4. bekkir væru saman á battavelli, auk ýmissa atriða sem snúa að umbótum á skólalóð.

Á miðstigi ræddu nemendur einnig um hvað þeir teldu sérstakt við Austó sem aðrir skólar gætu lært af. Þar nefndu nemendur t.d. Austópeysur sem 10. bekkur gerir árlega. Nemendur ræddu einnig hvað þeir teldu að starfsmenn gætu gert enn betur til að tryggja vellíðan nemenda. Nefndu nemendur þar

t.d. að gott væri að kennarar væru strangir en sanngjarnir og að starfsfólk gripi strax inn í aðstæður ef eitthvað kemur upp á. Í ljós kom að í 5. bekk standa nemendur oft fyrir aftan stóla í lok kennslu. Fannst flestum nemendum bekkjarfundir mjög gagnlegir en almennt töldu nemendur í 5. bekk að illa eða frekar illa hefði tekist að lækka róminn. Aðspurð um það hvað nemendur teldu hægt að gera til að efla sjálfsálit og auka vellíðan svöruðu nemendur t.d. að hugleiða, hafa slökunartíma, lækka róminn og ganga rólega á göngum. Allir hópar sögðust vita hvað þeir ættu að gera ef þeir upplifðu einelti í skólanum. Sögðu þau að þá væri rétt að tala við kennarann, tala við skólastjóra, starfsmenn og/eða foreldra. Þegar nemendur voru spurðir hvaða leiðir væru bestar til að byggja upp jákvæð samskipti og jákvæðan bekkjarbrag nefndu þeir að lækka róminn, ekki meiða, brosa, taka tillit, hlusta á aðra og setja mörk. Nemendur voru spurðir fyrir hvað gildi skólans stæðu (vöxtur, víðsýni, vellíðan, vilji). Svör nemenda voru t.d. að vaxa og þroskast, að bera virðingu fyrir hvert öðru og fjölbreytileikanum, að okkur líði vel í skólanum, ekkert einelti og að við komum vel fram við hvert annað. Vilji til að þroskast, læra og lifa. Að lokum voru nemendur spurðir hvað þeir teldu að gæti orðið til heilla fyrir Austurbæjarskóla og nefndu nemendur t.d. að hafa vísindatíma og læra fleiri tungumál.

Í unglingadeild voru nemendur spurðir hvað þeim þætti sérstakt við Austó sem aðrir gætu lært af. Nemendur nefndu m.a. símalausan skóla, matinn, að Austurbæjarskóli væri lítill skóli svo allir þekktu hver annan og ættu auðvelt með hópavinnu, bókasafnið, og að allir fengu að vera með í Skrekk. Þá nefndu þeir að Austó væri einn af fáum skólum sem væri með svo mikla ÍSAT kennslu og mikið af nemendum frá útlöndum. Aðspurðir hvað starfsmenn geti gert betur til að tryggja vellíðan nemenda nefndu nemendur m.a. fleiri íþróttatíma, fá gátlista fyrir próf, að námsráðgjafi hafi opna stofu, að kennarar hafi samræmi í skilafresti á verkefnum, að þeir séu opnari og hlusta á hvað krakkar vilja, hvernig þeim líður og hvað er í gangi. Aðspurðir hvort kennslustund lyki með því að standa fyrir aftan stóla svöruðu nemendur í 8. bekk alltaf eða oft. Nemendur í 9. og 10. bekk svöruðu stundum. Nemendur í 8. og 9. bekk töldu bekkjarfundina vera mjög eða frekar gagnlega. Nemendur í 10. bekk sögðu ýmist bekkjarfundina vera mjög gagnlega eða ekki gagnlega. Flestir sögðu það hafa gengið frekar vel að lækka róminn. Þegar nemendur voru spurðir hvað væri hægt að gera til að efla sjálfsálit og auka vellíðan nefndu þeir m.a. að hugsa jákvætt um sjálfan sig, léttari próf, hlusta á aðra og bera virðingu fyrir öðrum, undirbúa nemendur fyrir próf, að krakkar hafi meira val um hvað þeim finnst, sofa og næra sig vel. Einnig kom fram að kennarar ættu ekki að bera saman nemendur og hjálpa þeim sem þurfa hjálp, nemendur ættu að sinna heimavinnu og hlusta á kennara. Nemendur voru spurðir hvað þeir ættu að gera ef þeir upplifðu einelti í skólanum. Svöruðu flestir að þeir ættu að tala við námsráðgjafa, kennara, skrifstofu, skólastjóra eða foreldra. Flestir töldu að öllum krökkum finnist þeir tilheyra einhverjum hópi í skólanum. Aðspurð um leiðir til að byggja upp jákvæð samskipti og bekkjarbrag nefndu nemendur m.a. að sýna hvert öðru kurteisi, leiðrétta misskilning, tala saman og bera virðingu fyrir öllum, velja í hópa, fleiri leikir, bjóða öllum að vera með og allir ættu að vera vinir. Nemendur voru spurðir fyrir hvað gildi skólans stæðu (vöxtur, víðsýni, vellíðan, vilji). Svör nemenda voru t.d. að vöxtur þýddi að læra og dafna, víðsýni ætti við um fjölbreytileikann og að fara út fyrir þægindarammann, hugsa út fyrir boxið og ekki að mismuna, vellíðan ætti við að líða vel og sýna virðingu, og vilji væri viljinn til að læra og vaxa og standa upp fyrir sjálfum sér. Að lokum var spurt um hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri og nefndu nemendur m.a. að vera betri í íslensku, hafa minni fisk og minni læti í matsal, og lengri frímínútur.

Á Foreldraþingi voru foreldrar spurðir hvort þeir hefðu útskýrt fyrir barni sínu muninn á stríðni og einelti og kom fram að foreldrar tækju þetta samtal reglulega heima fyrir við börn sín. Þegar spurt var hvernig barni þeirra hefði gengið að virða reglur um símalausan skóla svöruðu foreldrar því til að það hafi verið erfitt í fyrstu en gengi vel núna. Sögðu foreldrar að þeir væru mjög ánægð með hvernig til hefði tekist. Foreldrar voru því næst spurðir hvort þeir leggðu áherslu á það heima fyrir að barn þeirra þjálfaði lestur daglega. Sögðust foreldrar gera það og sögðu sumir að bæði væri lesið fyrir barnið og að

það þjálfaði lestur daglega sjálft. Næst var spurt um kennsluskrár og námsáætlanir og hversu upplýsandi þær væru að mati foreldra. Fannst mörgum þær mjög skýrar eða frekar skýrar en öðrum ekki. Þó kom fram í svörum foreldra að inni á Mentor væri þetta mjög skýrt. Næst var spurt hvort börnin upplifðu öryggi í skólaumhverfinu. Þessu svöruðu foreldrar undantekningalaust játandi. Stöðugt eftirlit væri frá skóla og foreldrum, ef eitthvað kemur upp á er strax haft samband heim. Þó kom fram að alltaf mætti gera betur þegar kemur að útigæslu. Loks voru foreldrar spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri sem gæti orðið til heilla fyrir Austurbæjarskóla. Dæmi um svör voru að senda mætti tölvupóst um að vefsíðan sé komin í gagnið og hvar hægt sé að fá upplýsingar um hvar námsáætlanir og kennsluskrár séu að finna, auka gæslu á útisvæðum, auka upplýsingaflæði, hafa sálfræðing í skólanum, hafa meiri heimavinnu svo nemendur verji ekki eins miklum tíma í símanum og fyrir framan sjónvarpið og minni starfsemi á kvöldin. Meiri áherslu á íslenskt tungumál. Í vorskýrslum kennara kom fram að kennarar nýttu sér almennt samstarf árgangs eftir föngum. Ljóst er af árskýrslum að kennarar hafa áhuga á að vinna saman með árgang og nýta það svigrúm sem stundaskrá býður upp á betur.

Fram kom í starfsþróunarsamtölum að þörf er á aukinni símenntun starfsmanna til að koma til móts við þarfir nemenda með annað móðurmál. Nemendur eru í markvissri ÍSAT kennslu skv. hæfniviðmiðum aðalnámskrár en stór hluti málanáms þeirra fer einnig fram inni í bekk hjá bekkjar- eða faggreinakennara. Þar vantar auknar bjargir. Margt er vel gert þegar kemur að námi nemenda með annað tungumál en mikið skortir á framboð af námsefni. Starfsár íslenskuvers Austurbæjarskóla gekk vel. Er um að ræða námsúrræði fyrir nemendur hverfisins sem eru nýkomnir til landsins þar sem lögð er áhersla á móttöku og íslenskukennslu. Er mikill styrkur af því að hafa íslenskuver hverfisins staðsett í Austurbæjarskóla.

Eins og áður vann deildarstjóri stoðþjónustu að því í samstarfi við umsjónarkennara og starfsmenn stoðþjónustu að grípa til markvissra aðgerða í kjölfar skimana og staðlaðra prófa. Lögð er áhersla á að niðurstöður séu greindar til aðgerða. Skref var tekið í að auka enn á samstarf og móta heildarsýn um hvernig bregðast eigi við margbreytileika aðgreiningar en heildaráætlun um stuðning liggur fyrir. Ljóst er að hér er sóknarfæri. Mun vinnan halda áfram á komandi skólaári.

Í könnun sem MMS lagði fyrir starfsmenn Austurbæjarskóla um Heillaspor var m.a. spurt hve góða þekkingu starfsmenn töldu sig hafa á grundvallaratriðum og mikilvægi Heillaspora á skalanum 1-6. Svöruðu starfsmenn því til að hún væri 4,97. Aðspurðir um hvernig starfsmenn töldu sig skilja Heillaspor núna svöruðu þeir 5,10 af 6 og hvernig þeir teldu sig geta nýtt Heillaspor í starfi sínu 4,84. Aðspurð um hvaða vísbendingar væru í skólanum sem gæfu til kynna að skólinn væri Heillaspora-skóli nefndu flestir plaköt og veggspjöld. Einnig að gestur myndi taka eftir hvernig starfsfólk heilsar nemendum, fylgir reglum og sýnir í framkomu sinni að Heillaspor sé í meðvitund þeirra. Andrúmsloftið er rólegt, minni hávaði, lægri rödd og fyrirsjáanlegt umhverfi eru nefnd sem vísbendingar sem gestur myndi taka eftir. Nokkrir svara því til að vísbendingar séu til staðar en að þeir væru ekki vissir hvort gestir myndu átta sig á Heillaspori án frekara samhengis. Fram kom að starfsmenn nefndu dæmi sem þeim fannst lýsa skilningi þeirra á Heillasporum í daglegu lífi. Kom þar fram fyrirsjáanleiki, rútína og ró. Lækka róminn, ganga rólega, fylgja göngusporum, dagleg rútína skapar ró og tilfinningalegt öryggi. Mæta barni á þeirra forsendum, skoða hegðun í víðu samhengi og vita að hegðun er birtingarmynd á líðan. Mynda jákvæð tengsl, vera með nemandanum í liði og skapa traust svo nemendur geti tjáð sig og treyst starfsfólki. Loks lýstu nokkrir Heillaspori sem „common sense“ (almennri skynsemi), almennri kurteisi, virðingu og mannkærleika í öllum samskiptum við börn. Aðspurðir um hve góðan skilning starfsfólk hefði á mikilvægi þess að innleiða Heillaspor í skólastarfið töldu flestir þeir hafa mjög góðan skilning á því. Loks voru starfsmenn spurðir hvort þeir þjálfuðu verklag Heillaspora með nemendum og svöruðu flestir að þeir gerðu það nokkuð markvisst.

Síðastliðin sex ár hafa kennarar átt samtöl við nemendur sína eftir aðferðum markþjálfunar. Kallast þessi samtöl nemendasamtöl og á hver nemandi á fá tvö slík á ári. Í viðtalinu gefst nemandanum færi á að tjá sig um líðan sína og nám og móta sér stefnu fyrir skólaárið. Var viðtölunum ætlað að auka vellíðan nemenda og efla samband þeirra við kennara sinn. Í matsþáttum Skólapúlsins sem varða líðan og velferð mælist Austurbæjarskóli heldur lægri í öllum liðum. Sjálfsálit mælist 4,1 (4,4 á landinu). Þá mælist stjórn á eigin lífi 4,3 (4,4, á landinu) og sami munur mælist á vellíðan, 4,5 (4,6 á landinu). Niðurstöður Skólapúlsins gefa til kynna að í Austurbæjarskóla mælist samsömun við nemendahópinn 4,4 á meðan þær eru 4,9 á landinu öllu. Samband nemenda við kennara er 4,3 (landið: 4,9). Vellíðan nemenda er 4,5 (landið: 4,6). Einelti er hins vegar á pari við landið eða 5,7 (landið 5,7). Brýnt er að námsráðgjafi kynni niðurstöður Skólapúls fyrir nemendum mið- og unglingastigs alltaf þegar þær liggja fyrir.

## Innra mat

Í þessum hluta verður fjallað um innra mat, hvernig að því var staðið og greint frá gerð umbótaáætlunar sem sett var fram á grundvelli niðurstaðna þess.

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| Aukin virkni matsteymis.<br><br>Tryggja þarf að reglulega sé fundað í matsteymi eftir leiðbeiningum sfs.<br><br>Stjórnendur sátu námskeið á vegum sfs. um innra mat á skólastarfi. | Vor 2026 | Að fleiri komi að matinu en áður og gerð sé grein fyrir starfi teymisins í sjálfsmatsskýrslu skólans.<br>Sjálfsmatsskýrsla vistuð á heimasíðu skv. verklagi sfs. | Matsteymi |

Matsteymi var starfandi allt skólaárið og var það vel skipað. Starf teymisins gekk nokkuð vel. Gögnum var safnað allt skólaárið og niðurstöður teknar saman í greinargerð. Í kjölfar þess var sett fram umbótaáætlun.

# Skólabragur

Í þessum hluta verður fjallað um samskipti og mannauðsmál og lagt mat á þann árangur sem náðist út frá þeim markmiðum sem sett voru.

## Skólabragur

| Aðgerðir | Mat | Viðmið | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| *Samskipti:*<br>Gefa þarf gaum að samskiptum jafnt samskiptum nemenda á milli, nemenda við starfsmenn, starfsfólks við nemendur og starfsfólks í milli.<br><br>*Mannauðsmál:*<br>Bættur starfsandi á vinnustað. Markviss vinna með starfsmannahópinn út frá Heillasporum. Rætt opinskátt um samskipti, mörk og endurgjafarmenningu. Rýnt í vinnustaðagreininguna Stofnun ársins. Stjórnendur sækja námskeiðið Menning sem mótar. | Vor 2026 | Skólapúlsinn.<br><br>Starfsmannasamtöl.<br><br>Hækkun í Stofnun ársins. | Skólastjórnendur<br>Innleiðingateymi<br>Heillaspora<br>Allir starfsmenn |

### Niðurstöður úr starfsþróunarsamtölum

Í starfsþróunarsamtölum er m.a. rætt um þörf starfsmanna fyrir símenntun og hvernig sú símenntun sem þeir hafa notið á yfirstandandi ári hafi nýst þeim. Í flestum viðtölunum töldu kennarar að símenntunin hefði nýst þeim vel og verið gagnleg.

### Matsfundur í kjölfar niðurstaðna Starfsmannakönnunar/Stofnunar ársins 2024

Haldinn var matsfundur í október þar sem starfsmenn komu saman og ræddu um hvað mætti bæta varðandi alla þætti sem viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar leggur mat á. Starfsmenn ræddu saman í hópum og skrifuðu niðurstöður á blöð og skiptust umræðurnar í fjórar lotur. Lota 1 fjallaði um stjórnun og starfsanda. Lota 2 fjallaði um vinnuskilyrði og vinnuaðstæður. Lota 3 var um ímynd og sjálfstæði í starfi og loks var lota 4 um ánægju og stolt. Í kjölfar fundarins gripu stjórnendur strax til þeirra umbóta að fá nýja sjálfvirka kaffivél á kaffistofu starfsmanna. Auk þess var innréttuð stofa þar sem starfsmenn geta bæði fundað, spjallað og/eða látið líða úr sér. Hefur hvoru tveggja mælst afar vel fyrir hjá starfsmönnum og í anda þess sem óskað var eftir. Hvað tölvu- og tækjabúnað varðar er það stefna sfs að hafa ekki prentara víðar en á vinnustofu, skrifstofu og skólabókasafni. Samhliða innleiddi sfs nýtt fyrirkomulag þar sem starfsmenn þurfa að slá inn ákveðið númer til að geta prentað út. Hefur það fækkað töluvert útprentunum. Bætt var við öryggismyndavélakost. En betur má ef duga skal. Ekki var unnt að bæta aðstöðu á vinnuherbergi kennara þar sem upp kom innivistarvandi á skrifstofu stjórnenda sem varð til þess að færa þurfti vinnuherbergi til. Að þessu verður þó hugað. Hvað varðar ímynd skólans þá hafa gögn sem birt hafa verið opinberlega að undanförnu, bæði er snúa að því hvort nemendur ljúki framhaldsskóla á þremur árum og dreifingu einkunna, sýnt fram á að skólinn skilar nemendum sínum vel undirbúnum fyrir lífið framundan í samanburði við aðra. Ætti sú staðreynd að hafa jákvæð áhrif á ímynd skólans. Skólinn getur þó gert betur þegar kemur að því að segja frá öllu því góða starfi sem hér fer fram og þeim framförum sem nemendur ná. Hefur það verð gert á heimasíðu.

## Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar (Stofnun ársins) 2025

Fram kemur í viðhorfskönnun starfsmanna Austurbæjarskóla þar sem 39 starfsmenn af 71 tóku þátt (svarhlutfall 54,9%) að allir matsþættir hafa hækkað frá fyrra ári. Á það við um stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi, ánægju og stolt sem og jafnrétti. Hækkun heildarmats er 0,56%, úr 3,52 í 4,08 sem telst „frekar góð einkunn“.

Niðurstöður viðhorfskönnunnar starfsmanna voru kynntar öllum starfsmönnum á starfsmannafundi í mars. Hækkun heildarmats er 0,56%, úr 3,52 frá fyrra ári og í 4,08. Fram kemur að starfsandinn mælist 4,27 (4,23 hjá öðrum grunnskólum), launakjör 3,45 (3,21 í öðrum grunnskólum), stjórnun 4,30 (4,14 í öðrum grunnskólum), vinnuskilyrði 3,30 (3,57 í öðrum grunnskólum), sveigjanleiki í vinnu 4,26 (4,20 í öðrum grunnskólum), ímynd 3,88 (4,12 aðrir grunnskólar), sjálfstæði í starfi 4,30 (4,15 aðrir grunnskólar) ánægja og stolt 4,15 (á pari við aðra grunnskóla), jafnrétti 4,54 (4,44 aðrir grunnskólar). Af þessu má sjá að þeir sem svöruðu eru ánægðari með flesta þætti en aðrir kollegar þeirra í öðrum skólum. Einu þættirnir þar sem Austurbæjarskóli er lægri eru vinnuskilyrði og ímynd. Skiljanlegt er að við séum lægri varðandi vinnuskilyrði þar sem innivistarvandi hefur verið í skólanum sl. 3 ár og verið er að vinna við endurnýjun kennslustofa eina af annarri sem veldur töluverðu raski. Varðandi ímyndina töldu starfsmenn eina skýringuna kunna að vera þá að spurningarnar voru óskýrar. En þó það megi bæta úr í þessum þætti er skólinn samt sem áður búinn að hækka töluvert í þeim lið. Á heildina litið erum við hærri en aðrir skólar í hverfinu og það er fagnaðarefni.

## Niðurstöður frá Foreldraþingi

Fyrst voru foreldrar spurðir hvort þeir teldu eitthvað sérstakt við Austó sem aðrir skólar gætu lært af. Í því sambandi nefndu foreldrar m.a. gott samband við nemendur og foreldra, hvað skólinn hefði skapað sér stöðu sem mikilvæg miðja hverfisins, gildi skólans væru góð, vorhátíðin einstök og frábær, foreldraþing, nemendalýðræði, nemendastýrð foreldraviðtöl, fjölbreytileiki, umburðarlyndi og ÍSAT-kennslan. Þá töldu foreldrar skólastarfið í Austó betra en víða. Aðspurð um hvaða saga væri sögð í okkar skóla (var hér m.a. vísað til skólamenningar, gilda skólans og framtíðarsýnar og hvaða skilaboð nemendur fái um nám í skólanum og sjálfa sig) svöruðu foreldrar því til að börnin lærðu að þetta væri hlýr skóli þar sem væri fjölbreyttur hópur barna sem talaði mörg tungumál. Skólinn sé inngildandi en því fylgi áskoranir. Virðing væri borin fyrir öllum. Töldu foreldrar jákvæðni vera einkennandi og umburðarlyndi gagnvart öllum nemendum. Nemendur öðlist í skólanum góðan skilning m.a. á reglum og verklagi skólans. Metnaður einkenndi skólastarfið en kennsluhættir mættu vera framsæknari og meira skapandi. Þá mætti umhverfið vera meira örvandi fyrir nemendur.

# Niðurstöður innra mats

Hér verða teknir saman helstu styrkleikar skólastarfsins sem fram hafa komið hér að framan og tækifæri til umbóta. Niðurstöður eru settar fram í punktaformi og vísað er til umbótaáætlunar.

## Styrkleikar

Helstu styrkleikar skólastarfsins sem fram hafa komið hér að framan eru eftirfarandi:

- Áhugi á læsi er mikill í öllum árgöngum og marktækt meiri en á landinu öllu.
- Skólinn hækkar mikið í Vinnustaðakönnun Reykjavíkur – Stofnun ársins og er í öllum þáttum utan tveimur.
- Vel gekk að styrkja stjórnun, dreifa álagi og skýra verkferla.
- Allar kennsluskrár og námsáætlanir voru uppfærðar til samræmis við endurskoðaða aðalnámskrá.
- Vel gekk að fylgjast með framförum nemenda og grípa til viðeigandi íhlutunar væri þess þörf.
- Ánægja og áhugi nemenda í læsi í 5.-10. bekk er marktækt meiri en á landinu öllu.
- Markviss aðgerðaráætlun í læsi og heimalestri voru settar fram og reyndust vel.
- Sett voru fram endurskoðuð viðmið um góða kennslustund í anda leiðsagnarnáms.
- Góður skilningur er meðal starfsfólks á hugmyndafræði og verklagi Heillaspora.
- Matsteymi fundaði reglubundið á skólaárinu.
- Hlustað er eftir röddum nemenda, foreldra og starfsmanna á árlegum skólaþingum.
- Veitt er svigrúm innan stundaskrár til samstarfs og fjölbreyttra hópaskiptinga bekkja í sama árgangi.
- Fjöldi list-og verkgreinatíma á miðstigi er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.
- Starfsmenn eru metnaðarfullir og reiðubúnir að leggja mikið á sig.
- Bekkjarfundir eru vikulega hjá öllum árgöngum. Á fundunum er unnið að því að efla félagsfærni nemenda auk þess sem tekin eru til umfjöllunar erindi sem getið er um í forvarnaráætlun skólans.
- Íslenskuver Austurbæjarskóla.
- Móttaka nemenda með annað móðurmál er markviss og skýr.
- Deildarstjóri stoðþjónustu sinnir samhliða starfi tengiliðar farsældar.

## Tækifæri

- Tryggja þarf áframaldandi innleiðingu á Búa og Hlöðu gangi betur.
- Auka vitund og sýnileika verkferla fyrir foreldrum.
- Að bæta árangur nemenda í lesfimi.
- Að bæta árangur nemenda í lesskilningi og stærðfræði á Stöðu-og framvinduprófum.
- Að grípa til aukinnar íhlutunar til handa þeim nemendum sem eru undir og við meðaltal á Stöðu-og framvinduprófum.
- Að tryggja kennslustundir allra kennara verði metnar með áhorfi.
- Leita þarf nýrra leiða til sem miða að aukinni sjálfseflingu nemenda.
- Skv. Skólapúlsi er tíðni leiðsagnarnáms lægra hér en á landinu öllu. Hér er sóknarfæri.
- Halda þarf áfram markvissri innleiðingu PALS, Heillaspora og leiðsagnarnáms.

# Umbótaáætlun (Blátt skjal)

Umbótaáætlun byggir á innra mati, könnunum sem lagðar voru fyrir og öðrum þörfum skólasamfélagsins. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta þætti sem betur mega fara auk þess sem þar eru þættir sem getið er um í langtímaáætlun (sjá bls. 5) um mat á skólastarfi.

## Stjórnun og fagleg forysta

| Viðfangs-efni | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tíma-rammi | Hvernig metið (aðferðir) | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vinnulag, verklags-reglur** | Taka stærri skref í rafrænni stjórnsýslu.<br><br>Aukinn sýnileiki. | Að flýta innskráningu í Búa og Hlöðu.<br><br>Auka sýnileika verkferla fyrir foreldrum með upplýsingagjöf á haustfundum og á heimasíðu. | Stjórnendur<br><br>Kennarar<br>Stjórnendur | Júní 2027 | Með könnun á þeim gögnum sem hafa skilað sér í lok skólaárs.<br>Foreldraþing. | Að Hlaða og Búi sé liður í verklagi skólans.<br><br>Að fleiri séu meðvitaðir um verkferla og hvernig mál eru unnin en áður. |
| **Umbætur og innleiðing breytinga** | Festa PALS, leiðsagnarnám og Heillaspor enn betur í sessi. | Handleiðsla, námskeið og ráðgjöf til kennara. | Skólastjóri, aðstoðar-skólastjóri, verkefna-stjóri læsis, Heillaspora-teymi | Júní 2027 | Skólapúlsinn, Læsi, Lesfimi, Stöðu og framvinduþróf. | Hækkun í þáttum sem meta læsi, stofnanamenningu, og leiðsagnarnám. |

## Nám og kennsla

| Viðfangs-efni | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tíma-rammi | Hvernig metið (aðferðir) | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Nám og kennsla** | **Inntak og námskrá**<br>Að inntak náms, kennsluskrár og námsáætlanir séu skv. endurskoðaðri aðalnámskrá. | Allir kennarar uppfæri kennsluskrár og námsáætlanir. Stjórnendur yfirfari. | Kennarar<br>Skólastjórn-endur | Haust 2026 | Yfirlestur | Allar kennsluskrár og námsáætlanir séu í samræmi við núgildandi aðalnámskrá. |
| **Náms-árangur** | Að bæta námsárangur nemenda í Stöðu- og framvinduprófum. Huga þarf sérstaklega að árangri nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn | Að greina niðurstöður til aðgerða og grípa til aukinnar íhlutunar til handa þeim nemendum sem eru við og undir meðaltali á Stöðu-og framvinduprófum. | Deildarstjóri stoðþjónustu<br>Sérkennarar<br>Kennarar | Júní 2027 | Stöðu og framvinduþróf.<br>Lesfimi 1.-10. b.<br>Lesmál 2. b.<br><br>Framfarir metnar fyrir og eftir íhlutun. | Að samanlagður árangur sé á pari við landsmeðaltal. |
| **Gæði kennslu** | Að kennslustundir séu metnar skv. gæðaviðmiðum.<br><br>Tryggja þarf enn betur að nemendur | Að forgangsraða verkefnum stjórnenda á þann veg að unnt verði að meta allar kennslustundir.<br><br>Markviss ÍSAT kennsla í öllum | Skólastjóri<br><br>Deildarstjóri | Allt skóla-árið<br><br>2026-7 | Áhorf í kennslustundum mið hliðsjón af gæðaviðmiðum.<br><br>Matsfundir stoðþjónustu. | Að lagt hafi verið mat á kennslu allra kennara.<br><br>Að stuðningur sé ásættanlegur |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | með fjölbreyttan tungumála- og menningabakgrunn hafi námsefni við hæfi og njóti nægilegs stuðnings í námi.<br><br>Efla enn frekar framsækni í kennsluháttum. | árgöngum. Aukinn handleiðsla og stuðningur við kennara.<br>Stoðþjónusta<br><br>Að kennarar skoði hvar og hvernig unnt er að auka framsækni í kennslu. | Kennarar | | Skólapúlsinn, Könnun meðal foreldra. | Að kennarar geri grein fyrir hvernig til tókst í starfsmannaviðtali. |
| **Náms-vitund** | Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. | Að vinna eftir markmiðum leiðsagnarnáms m.a. með að nemendur setji sér markmið í námi. | Kennarar Náms-ráðgjafi | Júní 2026 | Nemendaþing. Áhorf í kennslustundum. Rýnihópur nemenda. | |

## Menntastefna Reykjavíkur

| Viðfangs-efni | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tíma-rammi | Hvernig metið (aðferðir) | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjálfs-efling** | Að vinna að aukinni sjálfseflingu nemenda. | Horft verður til þátta sem miða að því að nemendur öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markimið og fylgja þeim eftir. Unnið verður að því að styrkja sjálfsmynd nemenda, svo þeir eigi auðveldar með að taka sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Nemendasamtöl, Vinátta, kyn-og kynjafræði, forvarnarfræðsla, félagsfærnitímar, leiðsagarnarnám. | Kennarar Náms-ráðgjafi Stjórnendur | Júní 2027 | Hækkun á þáttum er mæla sjálfseflingu og líðan á Skólapúlsi | Að þættir sem meta þessa færni séu á pari við landsmeðaltal. |
| **Læsi** | Að auka árangur nemenda í læsi enn frekar. | Markviss lestrarþjálfun fjóra morgna vikunnar i unglingadeild.<br>Í öðrum árgöngum verður einnig unnið að þessu skv. aðgerðaráætlun. | Skólastjóri, aðstoðar-skólastjóri, verkefna-stjóri læsis | Júní 2027 | Skólapúlsinn, Læsi, Lesfimi, Stöðu og framvinduþróf. | Hækkun í þáttum sem meta læsi. |
| **Heilbrigði** | Horft verður til geðheilbrigðis barna. | Endurskoðun á verklagi um símafrí í skóla skv. reglugerð. | Kennarar Stjórnendur | Júní 2027 | Skólapúlsinn | Að notkun síma á skólatíma sé marktækt minni hér en á landinu. |

## Viðhorf og líðan

| Viðfangs-efni | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tíma-rammi | Hvernig metið (aðferðir) | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vinnulag, verklags-reglur** | Að auka vellíðan nemenda, kennara og foreldra. | Að fylgjast vel með líðan nemenda.<br><br>Að hlusta eftir röddum nemenda, hvað þeim finnst gott við skólann og hvað betur mætti fara.<br><br>Að tryggja að upplýsingar og ákvarðanir ráða eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja í séu aðgengilegar öllum nemendum.<br><br>Að tryggja að unnið sé með aðferðir Heillaspora.<br><br>Tryggja að kennarar séu að framkvæma nemendasamtöl með það að markmiði m.a. að bæta líðan nemenda og styrkja samskipti sín við nemendur. | Kennarar og aðrir starfsmenn<br>Félagsstarfs-kennari<br>Námsráð-gjafi<br>Heillaspora-teymi<br>Skólastjórn-endur | Júní 2027 | Skólapúlsinn<br>Stofnun ársins<br>Nemendaþing<br>Foreldraþing<br>Starfsmannaþing<br>Viðhorfskönnun foreldra. | Hækkun í þáttum sem meta líðan í Skólapúlsi.<br><br>Að nemendur og foreldrar svari því til á nemendaþingi og í viðhorfskönnun foreldra að nemendum líði vel í skólanum.<br><br>Að nemendur viti hvar unnt sé að nálgast allar þær upplýsingar sem þörf er á.<br><br>Að niðurstaða könnunar bendi til þess að góður skilningur sé á verklaginu og að unnið sé skv. því. |

## Aðrir áhersluþættir

| Viðfangs-efni | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tíma-rammi | Hvernig metið (aðferðir) | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Heillaspor** | Taka næstu skref í innleiðingu Heillaspora í skólastarfi Austurbæjarskóla (sjá nánar innleiðingaráætlun Heillaspora). | Útbúa veggspjöld, fræðsla í bekkjum, símenntun á starfsmannafundum, að auka vitund foreldra um hugmyndafræði Heillaspora. | Heillaspora-teymi | Júní 2027 | Með innanhúss-könnun sem gerð er í samstarfi við MMS og Skólapúlsi. | Að nemendur, starfsmenn og foreldrar séu sér meðvitaðir um Heillasporin og þau skili jákvæðum árangri fyrir skólastarfið. |
| **Innra mat** | Festa verklag og virkni teymis enn betur í sessi og aðlaga framsetningu til samræmis við miðstýringu sfs. | Fundað einu sinni í mánuði. | Innra mats teymi | Júní 2027 | Með umræðu í teymi og reglulegum vinnufundum. | Útgáfa sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu. |